



Margrét Rós Sigurjónsdóttir
formaður Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur

Reykjavík, 16. september 2026
USK26090258

Efni: Niðurlagning starfs framkvæmdarstjóra HER

Eins og þér er kunnugt um samþykkti Alþingi á vordögum lög sem fólu í sér að verkefni heilbrigðisnefnda og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga flytjast að stærstum hluta frá sveitarfélögum til ríkisins um næstu áramót. Það þýðir að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur munu verða lögð niður frá sama tíma. Þar sem framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins er ráðinn samkvæmt minni tillögu, sbr. núgildandi samþykkt fyrir heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar, þykir mér rétt að beina þeirri ábendingu til þín sem formanns heilbrigðisnefndar að nefndin feli mannauðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs að ganga frá niðurlagningu starfs hans með þriggja mánaða fyrirvara frá og með 1. janúar 2027. Það er tilkynni um niðurlagningu starfsins fyrir 1. október 2026 svo hún taki gildi frá og með 1. janúar 2027.

Virðingarfyllst,
Ólöf Örvarsdóttir
sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs